

Þar sem þessi vatnsnotkun fer ekki fram úr eða er öðruvísi en vatnsnotkun til venjulegra heimilisþarfa, brestur heimild til þess, að leggja aukagjald á hús stefnda. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfryjaða fógetaréttarúrskurð og eftir þessum úrslitum þykir rétt, að bæjarstjórnin greiði stefnda 40 kr. sem málskostnaðarendurgjald.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfryjaði fógetaréttarúrskurður skal vera óraskaður. Áfryjandinn, bæjarstjórn Reykjavíkur, greiði stefnda, kaupmanni B. H. Bjarnason, 40 kr. upp í málskostnað, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 24/1911:

Réttvísinn
gegn
Sigurgarði Sturlusyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Barðastrandarsýslu uppkveðnum 27. sept. f. á. var Sigurgarður Sturluson bóndi á Eysteins-eyri við Tálknafjörð dæmdur samkvæmt 270. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 í 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð, fyrir að falsa póstkvittanir, og til að greiða landsímanum 45 aura í skaðabætur, svo og til að greiða allan málskostnað, þar með talin málsvarnarlaun

6 kr. til talsmanns síns við aukaréttinn P. A. Ólafssonar konsúls. Dómi þessum hefir verið áfryjað til yfirdómsins af hálfu réttvísinnar.

Það er sannað með játningu ákærða, sem styðst við aðrar skýrslur í málinu, að hann, sem var stöðvarstjóri landsímans á Eysteinseyri frá okt. 1908 til júlí 1910, hafi ritað nafn bréfhirðingamannsins á Sveinseyri, Jóhannesar Sveinssonar, undir kvittanir, dags. í ágúst, október, nóvember og desember 1909 og í janúar, maí og júní 1910 fyrir mánaðarreikningum stöðvarinnar, er hann sendi með pósti til símastjórans á Ísafirði. Undir 5 hinar fyrst töldu af kvittunum þessum hafði hann fengið sér og fyllt út prentuð eyðublöð, er póststjórnin notar, en tvær hinar síðustu skrifaði hann sjálfur að öllu leyti. Nefndur bréfhirðingamaður kannaðist við að hafa látið ákærða fá, í hugsunarleysi, að því er hann sagði, eitthvað af þessum eyðublöðum, en hann neitaði því eindregið, að hann hefði leyft ákærða að rita nafn sitt undir neina af kvittunum. Að vísu bar ákærði það fram við fyrsta prófið, að hann eitt sinn hefði spurt Jóhannes að því, hvort eigi mundi óhætt, að ákærði skrifaði viðurkenninguna sjálfur, og hefði Jóhannes svarað: »Eg veit ekki, það held eg«, en í næsta prófi leiðrétti ákærði þetta, sagðist muna að þessi orð Jóhannesar hefðu ekki átt við símareikninginn, en verið töluð í öðru sambandi. Þó að eðlilegast væri, að skilja það svo, er bréfhirðingamaðurinn afhenti ákærða eyðublöðin, að hann með því hafi viljað leyfa honum að nota þau og rita nafn sitt undir þau, þá verður þessum skilningi ekki haldið fram gegn afdráttarlausri og óvefengdri neitun Jóhannesar, enda var það hann sem kærði þenna verknað ákærða, og sjálfur hefir ákærði kannast

við, að hann hafi reynt að gera undirskriftirnar líkar því, er Jóhannes ritaði nafn sitt. Svo hefir hann og játað, að hann hafi útbúið kvittanirnar í þeim tilgangi að losast við að greiða bréfhirðingarmanninum gjald það, er honum bar, 5 aura fyrir hverja kvittun, og að hann hafi sett burðargjaldið á sumum kvittununum hærra en rétt var, til þess að draga sér mismuninn. Þessar játningar hefir ákærði ítrekað í réttarprófunum, og getur það ekki komið til greina, þó að hann hafi viljað afturkalla þær í viðtali við talsmann sinn fyrir undirrétti og í bréfi til talsmanns síns við yfirdóminn.

Eftir þessu verður að líta svo á, að ákærði hafi skrifað nafn Jóhannesar Þorgrímssonar undir áminstar kvittanir í heimildarleysi og í hegningarverðum tilgangi.

Við frágang ákærða á kvittunum þeim, er hann fyllti út í eyðublöðin, virðist ekkert vera athugavert annað en það, að á 2 þeirra er þyngd bréfsins ekki tilgreind, en aftur á móti er önnur af kvittunum þeim, er ákærði bjó til að öllu leyti sjálfur, svo bersýnilega gölluð, að eigi varð vilst á henni, enda sá viðtakandi, símsjórinna á Ísafirði, að hún gat eigi verið frá réttum hlutaðeiganda.

Með framangreindu atferli sínu hefir ákærði dregið sér ranglega og fært landsímanum til reiknings 25 aura, gjöld fyrir póstkvittanir og 20 aura burðargjald, oftalið á kvittunum, og hefir verið krafist endurgjalds fyrir hönd landsímans fyrir þessa samtals 45 aura hjá ákærða; ber að taka þessa kröfu til greina, að því leyti sem ákærði hefir eigi þegar fullnægt henni.

Ákærði er fæddur 14 maí 1867 og hefir eigi áður sætt refsingu fyrir neitt lagabrot. Afbrot hans heyrir undir 270. gr. 2. málslíð almennra hegningarlaga, að

nokkru leyti sbr. við 279. gr., og hefir hann unnið til refsingar, er þykir hæfilega ákveðin 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð, en með því að undanfarin hegðun ákærða hefir verið góð og játning hans um brotið hrein-skilin, fémæti það, er hann hefir dregið sér, er óverulegt og ætla má að hann hafi endurgoldið það, eða boðið fram fult endurgjald, þykir mega ákveða, að afplánun þessarar refsingar skuli frestað, og að refsingin skuli falla niður eftir 5 ár frá uppsögn þessa dóms samkvæmt lögum nr. 39 16. nóv. 1907, ef fullnægt er þargreindum skilyrðum.

Málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins samþykkist og ákærða ber að greiða allan áfryjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 12 kr. til hvors.

Rekstur málsins við undirréttinn hefir verið vítalaus og málfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Sigurgarður Sturluson, á að sæta 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð, en fullnustu þessarar refsingar skal frestað og skal hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn þessa dóms, ef skilyrðum laga nr. 39 16. nóv. 1907 er fullnægt. Um málskostnaðargreiðslu og skaðabóta skal aukaréttardóminum óraskað. Allan áfryjunarkostnað málsins ber ákærða að greiða, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmála-

flutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 12 kr. til hvors.

Ídæmd gjöld ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 7. dag ágústmán.

Nr. 14/1911: Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar
 gegn
 Thor Jensen og Eggert Claessen
 f. h. P. J. Thorsteinsson & Co.

D ó m u r:

Við aukaniðurjöfnun á Akureyri sumarið 1909 var jafnað á Björn Ólafsson skipstjóra á sildveiðaskipinu »Snorri Sturluson« fyrir hönd útgerðarmanna skipsins, hlutafélagsins P. J. Thorsteinsson & Co. í Reykjavík, 80 kr. aukaútsvari til bæjarsjóðs kaupstaðarins. Útsvar þetta, sem hlutafélagið vildi ekki borga, krafðist bæjarstjórn Akureyrar, að bæjarfógetinn í Reykjavík tæki lögtaki hjá gjaldanda, en með úrskurði, uppkveðnum 2. nóv. f. á., neitaði fógetinn að taka þá kröfu til greina. Þessum úrskurði hefir bæjarstjórnin, að fengnu gjafsóknarleyfi og með skipuðum talsmanni, skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 8. apríl þ. á., og hefir talsmaður hennar krafist þess, að úrskurðurinn verði feldur úr gildi og fógetanum gjört að skyldu að framkvæma lögtakið, svo og